



Fundargerð 129. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 29. febrúar 2016 kl. 15:00 í húsnáttum Háskóla Íslands - VRÍI

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Steinunn Hauksdóttir (SH), Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK), og Claus Ballzus (CB)

Boðuð forföll: Egill Júlíusson (EJ)

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:00.

1. Aðalfundur og vorfundur JHFÍ

Umræða fór fram um komandi aðalfund og vorfund JHFÍ. Áður hafði verið ákveðið að halda fundina 14. apríl, frá 14:00-15:00 og 15:00-17:00 í nýju húsnæði Samorku, í Húsi atvinnulífsins Borgartúni 35, 105 Reykjavík. SNK hefur tekið frá sal á þeim tíma og Samorka býður upp á kaffi og meðlæti.

Umræða fór fram um aðalfundinn. Ákveðið var að stjórnin myndi leggja til að aðildarfélagar falli af félagatalinu ef þeir greiði ekki félagsgjöld í 2 ár. Það var einnig ákveðin tillaga stjórnar að nemendur fái frítt í 2 ár og greiði fullt gjald eftir það. Einnig var ákveðið að leggja til að aðildargjald einstaklinga yrði áfram 3.000 krónur. Auk ofangreinds var farið yfir dagskrá fundarins stjórnarkjör, mögulegar tillögur að nýjum heiðursfélögum, fundarstjóra og fundarritara, skýrslu stjórnar, ársreikninga, fjárhagsáætlun og fleira. Skipulag aðalfundar verður klárað á næsta stjórnarfund.

Umræða fór fram almennt um skipulagningu vorfundarins og sérlega erindi á honum, en þema vorfundar verður „hreinsanir og viðhald á borholum“. Ákveðið var að skipulag fundarins yrði klárað í tölvupóstsamskiptum og á næsta stjórnarfund.

Ákveðið var að senda út fundarboð fyrir fundina sem fyrst, og hafa formið á því outlook fundarboð, sem myndi birtast í dagatali móttakenda ef þeir samþykkja fundarboðið.

Að auki var tengt þessum lið rætt um rúkkun aðildargjalda og ákveðið að CB myndi afla tilboða frá bönkum í að sjá um þá innheimtu fyrir JHFÍ, og kynna það fyrir stjórninni á næsta fundi hennar

2. IGA kosningar – Board of Directors

Umræða fór fram um kosningar í stjórn IGA. Fulltrúar IGA hafa tilkynnt stjórn JHFÍ að ekki sé mögulegt að tilnefna í fyrstu umferð fleiri íslenska fulltrúa í stjórn IGA, en þá 2 Íslendinga sem þegar eru í stjórn IGA og munu setja áfram. Sú leið sem er fær til að tilnefna fleiri aðila í stjórnina, er að tilnefna til kjörnefndar IGA með því að skila inn undirskriftum 30 félaga í JHFÍ (félaga í IGA). Stjórn JHFÍ hefur þegar ákveðið að tilnefna þá tvo aðila sem stjórn JHFÍ gerði tilraun til að tilnefna í fyrstu umferð ferlisins (sbr. umræður á síðustu 2 stjórnarfundum): Formann JHFÍ Kristínu Völu Matthíasdóttur og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur Bjarna Bjarnason.

Umræða fór fram um skipulagningu undirskriftasöfnunarinnar, en frestur til að skila inn undirskriftalistum er 12. mars. SNK mun senda póst á stjórnina með félagatali JHFÍ og eyðublöðum fyrir undirskriftasöfnun. Stjórnin mun vinna að því að safna undirskriftum og í framhaldi af því mun SNK koma tilnefningunum á framfæri til IGA.

3. Sameiginlegt félagatal og drif f. gögn

SNK sagði frá vinnu SNK/CB við að sameina félagatal JHFÍ í eitt skjal sem sett hefur verið upp á sameiginlegt sharepoint drif, þar sem einnig verða geymd öll gögn JHFÍ. Samþykkt var að stjórnin öll muni fá aðfang að drifinu.

4. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál

Fundi slitið 16:10.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð

